



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. D 127/1483*  
*komudagur 25.3.2002*

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 13. mars 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um einkahlutafélög 546. mál og hlutafélög, 547 mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,  
forstjóri

**Umsögn umfrumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli) og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).**

---

Umræddar breytingar á lögum um einkahlutafélög, (138/1994) og breytingar á lögum um hlutafélög (2/1995) eru í samræmi við breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt o.fl., sbr. þingmál nr. 347.

Frumvörpin fjalla um tæknilegar útfærslur á umreikningi hlutafjár á milli reikningseininga jafnframt því sem sett eru ákvæði um það í hvaða myntum hlutafé skuli skráð.

Þjóðhagsstofnun telur að umreikningur reikningseininga miðað við kaupgengi sé ekki eðlilegur. Fórmarkostnaður fyrirtækis er á sölugengi en ekki á kaupgengi. Eðlileg viðmiðun við umreikning er annaðhvort sölugengi eða, til vara, miðgengi. Við stofnun hlutafélags eða einkahlutafélags er eðlilegt að að miða við kaupgengi.

Að öðru leyti gerir Þjóðhagsstofnun ekki athugasemdir við frumvörpin.